



## Yfirlæknir á Göngudeild sóttvarna og hælisleitenda

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laust til umsóknar starf yfirlæknis Göngudeildar sóttvarna og hælisleitenda. Um er að ræða ábyrgðarmikið og krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, skipulags-hæfni og samskiptahæfileika. Starfshlutfall er 50% og verður ráðið í starfið til 5 ára frá og með 1. október nk. eða eftir nánara samkomulagi.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. september 2016.**

Yfirlæknirinn verður tengiliður Íslands gagnvart Alþjóða heilbrigðismálastofnun (WHO), Evrópsku sóttvarnastofnun (ECDC) og Alþjóðlegu berkla- og lungnasamtökunum (IUATLD) í umboði sóttvarnalæknis um berklasjúkdóm hér á landi, sem felur í sér ábyrgð á beitingu og samræmingu

greiningar, skráningar og meðferð berklatilfella. Meginsvið starfsemi Göngudeildar sóttvarna og hælisleitenda eru auk berklavarna, ferðamannaheilsuvernd, heilbrigðissskoðun innflytjenda og heilbrigðisþjónusta við hælisleitendur.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Greining og meðhöndlun tilfella þar sem berklagrunur hefur komið upp
- Framkvæmd náðarleitir (contact tracing) í umhverfi smitbera og beiting varnandi meðferðar þar sem við á
- Samræming og ráðgjöf við greiningu og meðferð berklaveiki á landsvísi
- Alþjóðleg samskipti í samvinnu við sóttvarnalækni og alþjóðlegar stofnanir á sviði berkla
- Varsla gagnagrunna berkla samkvæmt umboði sóttvarnalæknis
- Heilbrigðissskoðun innflytjenda
- Heilbrigðisþjónusta hælisleitenda
- Ráðgjöf og framkvæmd ferðamannabólusetninga
- Ráðgjöf til starfsfólks heilbrigðisþjónustunnar um (ferðamanna)bólusetningar og berkla
- Kennsla heilbrigðisstétta á fyrrgreindum sviðum
- Þátttaka í vísindarannsóknum, gæðaeftirliti og umbótaverkefnum

### Hæfnikröfur

- Krafist er sérfræðimenntunar í lungnalækningum, barnalækningum eða smitsjúkdómum og reynslu í meðferð berkla
- Skipulagshæfni, sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af og vilji til þverfaglegar teymisvinnu
- Áreiðanleiki, faglegur metnaður, jákvæðni og sveigjanleiki
- Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af kerfisskráningu og tilkynningakerfi berkla innan- og utanlands

### Nánari upplýsingar

Þorsteinn Blöndal, yfirlæknir – 585-1390  
[thorsteinn.blondal@heilsugaeslan.is](mailto:thorsteinn.blondal@heilsugaeslan.is),  
og Óskar Reykdalsson, settur framkvæmdastjóri  
lækninga, 585-1300/585-7800  
[oskar.reykdalsson@heilsugaeslan.is](mailto:oskar.reykdalsson@heilsugaeslan.is).

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Allar umsóknir verða sendar til stöðunefndar hjá Landlækniseisbættinu. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar. Leggja skal fram staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Jafnframt skal fylla út eyðublaðið „Umsókn um læknisstöðu“ og setja það í viðhengi. Umsóknareyðublaðið má nálgast á vef Embættis landlæknis ([www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)) undir útgefið efni.

Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Sækja skal um starfið rafrænt á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins ([www.heilsugaeslan.is](http://www.heilsugaeslan.is)) undir laus störf eða á Starfatorgi ([www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is)).